

Fundargerð

37. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2018-2020, haldinn rafrænt, þriðjudaginn 21. apríl 2020.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fjóla Signý Hannesdóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Gunnar Svavarsson, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Björg Ágústsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna rafrænt.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð - Fundargerð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð frá fundi 36 samþykkt.

2. Frjálsípróttastarf í sumar, æfingar og mót

Formaður gerir grein fyrir stöðunni s.s. hvað gerist 5. maí. Rætt um mótahald. Farið yfir mótaskrá, almenn umræða. Málið sett í farveg á þann hátt að skrifstofunni og mótanefnd falið að taka saman tillögur miðað við stöðu dagsins, nýjar reglur og horfa fram á næstu mánuði.

3. Frjálsípróttaping

Ákveðið að stefna að því að halda þingið fös. 4. og lau. 5. sept. í Hafnarfirði með fyrirvara um stærri mótahald sbr. lið 2. Formanni og ritara falið að kanna stöðu verkefnis.

4. Afreksmál, úthlutun

Afreksstjóri gerði grein fyrir vinnuramma vegna afreksúthlutunar. Umræður. Afreksstjóra falið að vinna að málinu áfram í samræmi við umræður.

5. Þjóðarleikvangsmál

Farið yfir viðhaldsmál vallarins og ótrúlega sorglega svörun á erindum FRÍ varðandi það að taka málin áfram til framtíðar. Vissulega hefur heimsfaraldur sett strik í reikning þess að fjalla um mál, en verkin verða að sýna merkin. Sent var erindi til Reykjavíkurborgar 13. apríl sl. vegna auglýsinga á deiliskipulagi Reykjavíkurborgar "Laugardalur - austurhluti" þ.e. afmörkun nýrrar lóðar fyrir smáhýsi. Ákveðið að senda enn eitt erindið um stöðu þjóðarleikvangsmála og viðhaldsmála á Laugardalsvelli. FRÍ harmar þá eyðileggingu sem hefur átt sér stað á brautum vallarins nú í vetur og ljóst að engin völlur er til staðar til keppnishalds í Reykjavík nema viðhaldsverkefni fari af stað af fullum krafti.

6. Önnur mál

- Rafrænir fundir með aðildarfélögunum. Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri héldu rafrænan fund með formönnum eða tengiliðum félaga í dymbilvikku. Almenn góðar umræður um stöðuna og framtíðina.
- Nordic Congress, vofundur, mið. 6. maí, rafrænt.
- Vallaraðstæður á höfuðborgarsvæðinu. Rætt um stöðuna í Kópavogi og Reykjavík m.t.t. mótahalds. Ákveðið að taka verkefnið áfram til umræðu og útfærslu.
- Rætt um Asana, starfsmannahald, starfsemi skrifstofu og innheimtumál.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 18:02 með því að Eiríkur Mörk fór yfir muninn á "út af bregða" og "út af bera".

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.